

**Mál nr. 119/2020****M og  
V v/ ábyrgðartryggingarliðs húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll á svalagólfi fyrir utan verslunarmiðstöð og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttekið 31.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.4.2020.

**Málsatvik.**

Um hádegisbil 19. september 2019 gekk M, starfsmaður tiltekinnar verslunar í verslunarmiðstöðinni A, út á svalir eða steipt plan við einn inngang að A. Í skýrslu lögreglu um atvikið er haft eftir M að hún hafi runnið er hún hafi gengið út á planið en það hafi verið mjög hált. Einnig kemur fram í lögregluskýrslunni að unnið hafi verið að framkvæmdum á húsnæðinu þar sem M féll. Sömuleiðis hafi verið rætt við ónafngreindan starfsmann í sömu verslun og M starfaði í sem kvað kvartanir hafa borist um að steipta planið væri hált þar sem slysið varð. Loks segir í lögregluskýrslunni að rigning hafi verið úti og steipta planið hafi verið hált á umræddum tíma.

Aðstæður á slysstað voru skoðaðar af Vinnueftirliti ríkisins með skoðun sem er nefnd „Takmörkuð úttekt 19.9.2019“. Í skoðunarskýrslu eftirlitsins af þessu tilefni kemur ekkert markvert fram um orsakir slyssins.

Í fyrirbyggjandi tjonstilkynningum M til tryggingafélags og Sjúkratrygginga Íslands, dags. 10. og 14. október 2019, segir að hún hafi farið út á vestursvalir hússins og runnið á steiptu gólfinu sem hafi verið þakið grænu slími og dottið illa. Kveður M að slysið megi rekja til vanbúnaðar á gönguleið fyrir utan A sem feli í sér brot á nánar tilgreindum ákvæðum í lögum um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustu og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Framkvæmdir við húsið þar sem slysið varð hafi verið unnar á vegum A og því beri A ábyrgð á slysinu. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigandatryggingar sem A hefur í gildi hjá V. Samkvæmt upplýsingum sem V kveðst hafa aflað hjá húsverði A hafi ekkert fundist athugavert við yfirborð svæðisins umfram það sem venjulegt getur talist í mikilli rigningu. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins stóðu framkvæmdir yfir á svæðinu þar sem slysið varð þótt ekki sé ljóst í hverju þær fólust nákvæmlega. Af ljósmyndum má ráða að efni af einhverju tagi hafi legið á yfirborði svæðisins næst þeim dyrum þar sem M gekk út á svæðið. Ekki er ljóst hvers konar efni var um að ræða. Mikil rigning var umræddan dag og sólarhringsúrkoma mun hafa mælst 32,4 mm samkvæmt veðurfarsyfirliti Veðurstofu Íslands. Hvorki í lögregluskýrslu né skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins er að því vikið að yfirborðið á umræddu svæði hafi verið hálla en jafnan má búast við í mikilli rigningu. Að gögnum málsins virtum verður ekki talið að sýnt hafi verið nægilega fram á að slysið megi rekja til hættulegs yfirborðs svæðisins eða ófullnægjandi varúðarráðstafana af hálfu A þar sem slysið varð. A telst því ekki bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir umrætt sinn. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið húseigandatryggingar verslunarmiðstöðvarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.